



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 13. ágúst 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson ásamt Ástrós Elísóttur varamanni og Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Rekstraryfirlit janúar-júní 2025 og framkvæmdayfirlit janúar-júlí 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar-júní 2025 og framkvæmdayfirlit vegna janúar-júlí 2025 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og gerði grein fyrir. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

3. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um þjónustu við börn með fjölþættan vanda

Fyrir fundinum lá erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi samkomulag milli ríkis- og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölþættan vanda sem vistuð eru utan heimilis. Á grundvelli samkomulagsins mun ríkið eigi síðar en 1. janúar 2026 taka ábyrgð á þriðja stigs þjónustu við börn með flóknar og fjölþættar þjónustuþarfir sem búsett eru utan heimilis. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til þess að tryggja að viðunandi úrræði sé í boði fyrir þennan hóp barna á fyrsta og öðru stigi þjónustu. Samkomulagið byggir á tillögum skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda frá árinu 2023 og áfangaskýrslu II um konstaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga frá 2024. Var erindið ásamt fylgigögnum lagt fram til kynningar.

4. Samstarfssamningar milli Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar

Á fundi sveitarstjórnar þann 20. júní voru samstarfssamningar milli Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar teknir til afgreiðslu. Samningarnir þurfa tvær umfjallanir í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna og eru hér lagðir fram til síðari umræðu.

a. Samningur um félagsþjónustu

Samningurinn var borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



b. Samningur um meðferð barnaverndarmála

Samningurinn var borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Var sveitarstjóra falið að undirrita samningana fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Skipulagsgáttin – umsagnarbeiðni vegna Aðalskipulags Skagafjarðar, nr. 0613/2024: Auglýsing tillögu (Nýtt aðalskipulag).

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni frá Skagafirði vegna auglýstrar tillögu um nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins. Var sveitarstjóra falið að skila inn umsögn innan tilskilins frests.

6. Málefni fatlaðs fólks - afgreiðsla umsókna um akstursþjónustu

Fyrir fundinum lágu tvær beiðnir um akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Umsókn A

Óskað er eftir 10-12 ferðum á mánuði frá Skagaströnd á Sauðárkrók í 4,5 mánuð vegna skólasóknar. Var umsóknin samþykkt eins og hún var lögð fyrir.

Umsókn B

Óskað er eftir akstri frá Skagaströnd vegna hæfingar á Blönduósi. Umsókn er dagsett þann 29. júlí 2025 og er samþykkt að greiða akstur frá degi umsóknar.

7. Framkvæmdaráð í málefnum fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra

a. Fundargerð frá 3. júlí 2025

Fyrir fundinum lá fundargerð framkvæmdaráðs í málefnum fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra. Í fundargerð kemur m.a. fram að samningur um þjónustu við fatlað fólk á Norðurlandi vestra hafi verið yfirfarinn og samþykktur af lögfræðingi í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu. Framkvæmdaráð samþykkir samninginn samhljóða og vísar til afgreiðslu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

b. Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Fyrir fundinum lá samningur um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk til staðfestingar. Sveitarstjórn ræddi samninginn. Var hann borinn upp til atkvæðagreiðslu og staðfestur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

8. Bréf

a. Sinfóníuhljómsveit Íslands dags. 23. júní 2025

Efni: Sinfó í sundi

Í erindinu kemur fram að Sinfóníuhljómsveit Íslands haldi upp á 75 ára afmæli sitt árið 2025. Með erindinu er tilkynnt að þann að þann 29. ágúst næstkomandi verða haldnir í tíunda sinn sjónvarpstónleikarnir Klassíkin okkar. Sinfóníuhljómsveit Íslands leitast eftir samstarfi við sveitarstjórnir um land allt um verkefni sem er kallað Sinfó í sundi en þar eru sveitarstjórnir hvattar til þess að bjóða upp á beina útsendingu frá tónleikunum Klassíkin okkar sem hefjast kl. 20:00 á RÚV þann 29. ágúst. Sveitarstjórn ræddi erindið en sér sér ekki fært að verða við beiðninni.

b. Samgöngufélagið dags. 7. júlí 2025



Efni: Undirbúningur að gerð aðalskipulags Skagafjarðar og Húnabyggðar

Í erindinu er farið yfir ávinning þess að gert verði ráð fyrir vegunum Húnavallaleið og Vindheimaleið í aðalskipulagi Skagafjarðar og Húnabyggðar að mati Samgöngufélagsins. Var erindið lagt fram til kynningar.

c. Þúfan dags. 23. júlí 2025

Efni: Rekstrarstyrkur

Fyrir fundinum lá erindi frá Þúfunni áfangaheimili fyrir konur þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk. Sveitarstjórn ræddi erindið en hafnaði því.

d. Jón Ólafur Sigurjónsson dags. 15. júlí 2025

Efni: Úrsögn úr nefndarstörfum sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lá úrsögn Jóns Ólafs Sigurjónssonar úr nefndarstörfum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn staðfestir móttöku og þakkar fyrir störf hans í þágu sveitarfélagsins.

9. Fundargerðir:

a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 13. júní 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16. júní 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar SSNV dags. 16. júní 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar SSNV dags. 21. júlí 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e) Framkvæmdaráðs um barnavernd á Mið-Norðurlandi dags. 3. júlí 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

10. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 11:08

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Erla María Lárusdóttir

Ástrós Elísdóttir